

SAMÞYKKT

Umhverfisverðlaun Rangárþings eystra

1. gr.

Gildissvið og markmið

Umhverfisverðlaun Rangárþings eystra eru veitt annars vegar einstaklingum og hins vegar fyrirtækjum sem viðurkenning fyrir fallega garða og vel hirtar lóðir og umhverfi. Með viðurkenningunni vill Rangárþing eystra hvetja íbúa sveitarfélagsins til að hugsa vel um nærumhverfi sitt og verðlauna þá sem skara fram úr í snyrtimennsku.

2. gr.

Nefnd

Skipulags- og umhverfisnefnd fer með framkvæmd verðlaunanna. Nefndin hefur heimild til að fá ráðgjöf utan aðkomandi aðila að meta snyrtilegustu garðana. Auglýst er eftir tilnefningum á vefsíðu bæjarins og er unnið úr þeim nafnlaust. Verðlaunin eru afhent hvert ár.

3. gr.

Auglýsing

Auglýst skal eftir tilnefningum í byrjun júní. Nefndin vinnur úr þeim og skoðar garða á fundi sínum í júlí og eru verðlaunin afhent við hátíðlega athöfn í ágúst.

4. gr.

Verðlaunaaafhending

Verðlaunaaafhendingin er öllum opin og skal tímasetning hennar auglýst skilmerkilega á vefsíðu bæjarins. Sveitastjórn, sveitarstjóra og nefndarmnnum er boðið formlega á afhendinguna ásamt verðlaunahöfum. Formaður nefndarinnar stýrir athöfninni og veitir viðurkenningar.

Verðlaunahafa verða boðaðir í viðtal þar sem fjallað verður um garðinn, býli og fyrirtæki.

5. gr.

Mat fyrir úthlutun verðlauna

Skipulags- og umhverfisnefnd skal hafa eftirfarandi þætti til viðmiðunar við mat á úthlutun verðlaunanna:

1. Snyrtilegasti garðurinn
Ásýnd garðsins frá göngustíg og götu er snyrtileg og myndar fallega götummynd. Lóð og sorpgeymslur skulu vera fullfráegnar. Gróður er snyrtur og vöxtur trjáa er innan lóðamarka þannig að vegfarendur komist leiðar sinnar hindrunarlaust. Snyrtilegasti garðurinn er fyrirmynd fyrir nágretta og aðra íbúa. Snyrtilegasti garðurinn er ekki bundinn þéttbýli eða dreifbýli.
2. Snyrtilegasta býlið
Ásýnd snyrtilegasta býlisins frá vegi er snyrtilegt og taki vel á móti vegfaremdum. Lóð og sorpgeymslur skulu vera fullfráegnar. Gróður er snyrtur og vöxtur trjáa er innan lóðamarka þannig að vegfarendur komist leiðar sinnar hindrunarlaust. Snyrtilegasta býlið er fyrirmynd fyrir nágretta og aðra vegfarendur.
3. Snyrtilegasta fyrirtækið:
Ásýnd fyrirtækisins frá göngustíg og götu er snyrtilegt og mynda fallega götummynd. Lóð og sorpgeymslur skulu vera fullfráegnar. Gróður er snyrtur og vöxtur trjáa er innan

lóðamarka þannig að vegfarendur komist leiðar sinnar hindrunarlaust. Snyrtilegasta fyrirtækið er fyrirmynd fyrir nágranna og önnur fyrirtæki í sveitarfélaginu.

4. Auka viðurkenning

Ef nefndn ákveður að veita eina viðurkenningu til viðbótar skal sú viðurkenning vera í samræmi við ofangreind viðmið.

6. gr.

Viðurkenningar

Þrjár viðurkenningar eru veittar í hvert sinn. Snyrtilegasti garðurinn, snyrtilegasta lögbýlið og ein við fyrirtæki. Heimilt er að veita eina viðurkenningu til viðbótar, sbr. 1. mgr., sem taki mið að þeim tilnefningum sem berast hverju sinni.

7. gr.

Þátttakendur

Allir garðar og öll fyrirtæki í Rangárþingi eystra koma til greina sem verðlaunahafar umhverfisverðlauna.

Að jafnaði skulu þó líða 4 ár á milli þess sem sami garður, lögbýli eða fyrirtæki geti fengið viðurkenningu að nýju.

8. gr.

Staðfesting og gildistaka

Samþykkt þessi staðfestist hér með.

Samþykkt á 235. fundi byggðarráðs, þann 20.júlí 2023.